59 hjer til greina, og það á hinn bóginn eigi virðist geta gjört neinn mun í þessu
9. maí efni, hvort vörurnar hefðu verið geymdar í skipi á Akureyrarhöfn eða verið lagðar þar í land um stundarsakir.

60

# Reikningur

yfir tekjur og gjöld söfnunarsjóðs Íslands árið 1895.

| Tekjur. | Kr. a. | Kr. a. |
|---|---|---|
| I. Sjóður við árslok 1894: | | |
| a, veðskuldabrjef | 95652 25 | |
| b, skuldabrjef prestakalla | 8515 00 | |
| c, skuldabrjef Reykjavíkur | 700 00 | |
| d, ógreiddir vextir | 313 29 | |
| e, innstæða í landsbankanum | 509 63 | |
| f, í peningum hjá fjehirði | 292 84 | 105983 01 |
| II. Bætt við innstæðu vaxteigenda: | | |
| a, innlög á árinu | 16624 22 | |
| b, vextir fyrir 1895 lagðir við höfuðstól | 2931 65 | 19555 87 |
| III. Vextir af útlánum 1895 (auk kr. 2,25 greiddra f. á.) | | 5218 36 |
| IV. Borgun fyrir viðskiptabækur | | 24 00 |
| V. Vextir fyrir 1895, er bíða útborgunar | | 1470 99 |
| VI. Innborguð lán | | 4955 00 |
| VII. Móti gjaldlið V. færast til jafnaðar | | 23750 00 |
| | Kr. | 160957 23 |

| Gjöld. | Kr. a. | Kr. a. |
|---|---|---|
| I. Vextir vaxteigenda fyrir 1895: | | |
| a, ársvextir 4% af höfuðstól | 4101 91 | |
| b, dagvextir $3^1/_2$% um árið | 300 73 | 4402 64 |
| II. Ýmislegur kostnaður | | 61 25 |
| III. Greiddir vextir | | 1426 01 |
| IV. Móti tekjulið VI. færist til útgjalda | | 4955 00 |
| V. Sett á vöxtu | | 23750 00 |
| VI. Sjóður við árslok 1895: | | |
| a, veðskuldabrjef | 114862 25 | |
| b, lán til prestakalla | 8100 00 | |
| c, skuldabrjef Reykjavíkur | 700 00 | |
| d, vextir fyrir 1895 áfallnir í gjalddaga | 205 68 | |
| e, innstæða í landsbankanum | 1623 71 | |
| f, í sjóði hjá fjehirði | 870 69 | 126362 33 |
| | Kr. | 160957 23 |

60

## Yfirlit
yfir efnahag söfnunarsjóðs Íslands við árslok 1895.

| Eignir. | | | Kr. a. |
|---|---|---|---|
| 1. Veðskuldabrjef | | | 114862 25 |
| 2. Skuldabrjef prestakalla | | | 8100 00 |
| 3. Skuldabrjef Reykjavíkur | | | 700 00 |
| 4. Ógreiddir vextir | | | 205 68 |
| 5. Innstæða í landsbankanum | | | 1623 71 |
| 6. Í sjóði hjá fjehirði | | | 870 96 |
| | | | 126362 33 |
| **Skuldir.** | Kr. a. | | Kr. a. |
| 1. Innstæða vaxteigenda: | | | |
| a, í aðaldeild | 101984 56 | | |
| Þar af í deild hinnar æfinlegu erfingjarentu kr. 1342,07 | | | |
| b, í útborgunardeild | 13061 72 | | |
| c, í bústofnsdeild | 6644 18 | | |
| d, í ellistyrksdeild | 413 98 | | 122104 44 |
| 2. Fje, er bíður útborgunar: | | | |
| a, höfuðstóll | 243 65 | | |
| b, vextir | 1470 99 | | 1714 64 |
| 3. Varasjóður | | | 2543 25 |
| | | | 126362 33 |

Stjórn söfnunarsjóðs Íslands, Reykjavík 27. febr. 1896.
*Eiríkur Briem.* *Jón Jensson.* *Björn Jensson.*

### Lausn frá embætti, embættaskipun m. m.

*a Lausn frá embætti.*

14. apríl var hjeraðslækni í 11. læknishjeraði *Þorgrími Johnsen*, samkvæmt umsókn, veitt lausn í náð frá hjeraðslæknisembættinu með eptirlaunum eptir eptirlaunalögunum.

S. d. var hjeraðslækni í 7. læknishjeraði *Ólafi Sigvaldasyni*, samkvæmt umsókn, veitt lausn í náð frá hjeraðslæknisembættinu með eptirlaunum eptir eptirlaunalögunum.

5. maí var prestinum að Hofi á Skagaströnd *síra Jóni Jónssyni* af landshöfðingja, samkvæmt umsókn, veitt lausn frá prestsembættinu án eptirlauna.

8. maí var *sýslumaður og bæjarfógeti Hannes Hafstein* af landshöfðingja leystur frá því starfi að vera endurskoðandi við landsbankann.

*b. Embættaskipun og sýslana.*

14. apríl var *cand. med. & chir. Guðmundur Björnsson* allramildilegast skipaður *hjeraðslæknir í 1 læknishjeraði Íslands.*

S. d. var *aukalæknir Gísli Pjetursson* allramildilegast skipaður *hjeraðslæknir í 12. læknishjeraði Íslands.*

S. d. var *cand. mag. Þorleifur Bjarnason* allramildilegast skipaður *kennari við hinn lærða skóla í Reykjavík.*

28. apríl var *cand. juris Magnús Jónsson* settur af landshöfðingja til þess að gegna *sýslumannsembættinu í Vestmannaeyjasýslu* á eigin ábyrgð, frá 1. maí 1896 að telja.

4. maí var aðstoðarpresti *síra Ásmundi Gíslasyni* af landshöfðingja veitt *Bergstaðaprestakall* í Húnavatnsprófastsdæmi, eptir ósk safnaðarins, frá fardögum 1896 að telja.

5. maí var *prestaskólakandídat Jes Gíslasyni* af landshöfðingja veitt *Eyvindarhólaprestakall* í Rangárvallaprófastsdæmi, eptir ósk safnaðarins, frá fardögum 1896 að telja.